



VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS

**Nefndasvið Alþingis**  
**Efnahags- og viðskiptanefnd**  
**b/t. nefndarritara**  
**Austurstræti 8-10**  
**150 Reykjavík**

Reykjavík, 29. október 2013.

Efni: Frumvarp til laga um ýmsar forsendur frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2014 (3. mál).

*Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur felur í sér þó nokkrar aðgerðir á tekjuhlíð fjárlaga næsta árs.*

Eins og komið er inná í umsögn Viðskiptaráðs við 2. þingmál er vert að nefna hentugleika þess að frumvörp af þessum toga séu lögð fram á Alþingi svona tímanlega. Við frumvarp þetta gerir undirritaður þrjár megin athugasemdir.

Fyrst má nefna hækkun fjölda krónutöluskatta og gjaldskrárliða í takt við verðlagsforsendur fjárlagafrumvarpsins. Hvað þetta varðar þá má annars vegar gjalda varhug við þetta verklag almennt, bæði á tekju- og útgjaldahlíð fjárlaga, út frá uppbyggingu ríkisfjármálastefnunnar og framlagi hennar til jöfnunar hagsveiflna - eins og tæpt er m.a. á í umsögn Samtaka atvinnulífsins. Þó einhverjir þessara skatta séu skilvirk tekjuöflunartæki í hagrænum skilningi þá er vert að staldra við þessar ábendingar SA.

Hins vegar er takmarkaðar upplýsingar að finna í frumvarpinu um viðamiklar skattahækkunir síðustu ára á þessu sviði. Rétt er því að draga hér fram að frá árinu 2007 hefur t.a.m. áfengisgjaldið hækkað um 60% og tóbaksgjaldið um 90%, orkuskiattar og kolefnisgjald verið teknir upp og kolefnisgjaldið hækkað um 100%, olíugjald verið hækkað um 40% og steinolíugjald tekið upp, almennt bensíngjald hefur hækkað um 170% og sérstakt bensíngjald um 25%.<sup>1</sup> Einhverjir liðir frumvarpsins hafa þannig hækkað vel umfram verðlagsbreytingar síðustu ára og nýir skattar að auki verið teknir upp. Er því réttmætt að velta upp hvort ekki sé orðið tímabært að endurmeta þetta kerfi í heild sinni.

Í öðru lagi eru einstaka krónutöluskattar hækkaðir sem tengjast beint tilteknum útgjaldaliðum, en þar má einkum nefna RÚV og opinbera háskóla. Hvað varðar síðarnefnda liðinn er ljóst að nemendur þessara skóla bera aðeins lítinn hluta af kostnaði vegna síns náms. Þessi hækkun breytir í raun litlu þar um og rétt væri því að hækka gjaldið enn frekar. Fyrri liðinn hefði hins vegar mátt nálgast með öðrum hætti en gert er í frumvarpinu. Hækkun svokallaðs nefnskatts og samhliða aukin framlög til RÚV eru tilkomin vegna þrengra svigrúms félagsins til sölu auglýsinga vegna nýlegra lagabreytinga. Sú breyting byggir m.a. á harðorðu álit Samkeppniseftirlitsins um áhrif RÚV til samkeppnisröskunar á fjölmiðlamarkaði.<sup>2</sup>

Ofangreind aukning fjárframlaga er því ætlað draga úr áhrifum takmarkaðri auglýsingatekna á starfsemi RÚV í stað þess að tekið sé frekar á rekstri þess og skoðað hvort félagið geti sinnt skilgreindu hlutverki sínu með hagkvæmari hætti en nú er. Hins vegar, frá því frumvarp þetta var lagt fram hefur því verið [lýst yfir að falla eigi frá þessari hækkun](#) og ráðstafa andvirði hennar til skólamála, sem full þörf er á – sérstaklega á háskólastiginu.<sup>3</sup> Þó kemur á óvart að til greina komi að draga áður nefndar takmarkanir á auglýsingasvigrúmi RÚV til baka, enda er það þvert á ofangreint álit Samkeppniseftirlitsins. Hefði því verið heppilegra að viðhalda núgildandi takmörkunum þrátt fyrir niðurfellingu aukafjárheimilda.

<sup>1</sup> Sjá skattayfirlit Viðskiptaráðs.

<sup>2</sup> Sjá álit SKE nr. 4/2008 og umsögn SKE við 748. þingmál á 141. löggjafarþingi.

<sup>3</sup> Sjá m.a. skoðun VÍ, [Háskólamenntun má ekki vera afgangsstærð](#), júlí 2013.

Í þriðja lagi tekur undirritaður undir [sameiginlega umsögn](#) Samtaka atvinnulífsins, Samtaka iðnaðarins og Samtaka sprotafyrirtækja varðandi fyrirhugaða lækkun á frádrætti vegna útlagðs kostnaðar við rannsóknar- og þróunarverkefni. Þar er reifað ágætlega að þrátt fyrir áætluð útgjöld frumvarpsins vegna þessa séu áhrif þessa frádráttar á greiðslustöðu ríkissjóðs heilt yfir jákvæð.

Virðingarfyllst,



---

Haraldur I. Birgisson  
Aðstoðarframkvæmdastjóri  
Viðskiptaráð Íslands